

Íslenska 9.-10. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir
Kennslustundir: 6 stundir á viku í samkennslu

Námsefni:

Grunnefni: Neistar, Logar, Gullvör og Málið í mark

Lestrarbækur: Gísla saga Súrssonar, Akam, ég og Annika og a.m.k. fjórar frjálslestrarbækur sem eru meira en 150 bls.

Aukaefni frá kennara

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Námsflokkur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Flutt mál sitt skýrt og áheyrliga með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi. Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt. Nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.		Kaflapróf Annarpróf Kynningar Mat á vinnubrögðum í vinnubókum Ritgerðarsmíð Sjálfsmat nemenda Virgni í einstaklings- og hópavinnu
Lestur og lesskilningur	Lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í		

	samræmi við aðstæður hverju sinni. Valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. Beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn. Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika. Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.		
Bókmenntir	Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir. Beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum. Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið samn við eigin samtíð. Notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og		

	lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.		
Ritun	Hafi vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum. Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. Beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsmiði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið. Samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um rétttritun og önnur hjálpartæki.		
Mál og málnotkun	Beitt málfræðipækkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun. Áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt		

	mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti. Áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu. Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.		
--	---	--	--

Skipulag kennslunnar

Kennari leggur inn efni og fer yfir og ræður nýtt efni með nemendum.

Í hverri viku fá nemendur vikuáætlun sem á að klára í kennslustundum. Ekki er gefið sérstakt heimanám, en þeir nemendur sem komast ekki yfir vikuáætlun í skólanum þurfa að klára þeirri vinnu heima eða gefst tækifæri til að leysa því eftir skóla undir eftirlit kennarans ákveðna daga vikunnar.

Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og vinna stundum með ákveðið viðfangsefni í skipulagðri hópavinnu.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru t.d. kannanir, kynningar, vinnubrögð, ritgerðarsmíð, sjálfsmat nemenda og virkni í einstaklings- og hópavinnu.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.

Námsáætlun 8.bekkur 2025 - 2026:

Dagssetningar	Viðfangsefni	Annað
25. – 29. ágúst		
1. – 5. sept		
8. – 12. Sept.		
15. – 19. sept		
22. – 26.sept Erasmus+		
29.sept. – 3.okt.		
6. - 10. Okt. Kennaraþing Regnboginn		
13. - 17.okt. Dansvika		
20. – 24.okt. Foreldradagur		
27. – 31.okt Hrekkjavaka		
3. – 7.nóv. Starfsdagur (mán)		
10. – 14.nóv. Kaffihúskvöld		
17. – 21. nóv		
24. – 28.nóv. Eldvarnarvika		
1. – 5.des		
8. – 12.des		
15. - 18.des		